

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Frístundabyggð í Flekkudal.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti þann 2. desember 2020, deiliskipulag frístundabyggðar í Flekkudal.

Skipulagssvæðið er um 4 ha að stærð og tekur til fimm frístundalóða á frístundasvæðinu F4b, við vestanvert Meðalfellsvatn, í landi Flekkudals.

Deiliskipulagið felur m.a. í sér að afmarka og skilgreina byggingarreiti fyrir lóðirnar; Flekkudal 9, 10, 11, 12 og 13, ásamt því að gera grein fyrir aðkomuvegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 24. desember 2020.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.